



Alþingi
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10

Akureyri 17. janúar 2011

150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um frumvarp til laga umbreytingu á iögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 24. nóvember 2010, þar sem óskað er eftir umsögn Flokkunar Eyjafjörður ehf. um ofangreint frumvarp. Að beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga var umsagnarfrestur framlengdur fram í janúar, sbr. tölvupóst formanns umhverfisnefndar, dags. 15. desember sl.

3 gr.

Stjórn Flokkunar Eyjafjörður ehf. telur að sú samræming á útgáfu starfsleyfis sem felst í breytingum á 5. grein laga nr. 55/2003 sé til bóta. Stjórnin telur mikilvægt að verklag við útgáfu starfsleyfa verði skýrt og samræmt. Stjórnin telur að ákvæði um að Umhverfisstofnun gefi út starfleyfi fyrir söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánnum landfræðilegum tengslum við förgunarstað sé óþarft og bjóði upp á óvissu um túlkun.


6 gr.

Stjórn Flokkunar Eyjafjörður ehf. leggst gegn tillögum um að stofnað verði sérstakt skilakerfi um einnota drykkjarvöruumbúðir og leggur áherslu á að góð reynsla er af núverandi fyrirkomulag. Það er álit verkefnisstjórnar að sú tillaga sem fram kemur í 6. gr. frumvarpsins henti íslenskum aðstæðum illa m.a. í ljósi þess hve landið er fámenn og dreifbýlt og því ekki forsendur til þess að vera mjög víða með mannaðar söfnunarstöðvar fyrir flokkaðan úrgang. Stjórnin leggur til að ábyrgð á meðhöndlun notaðra drykkjarvöruumbúða verði færð undir Úrvinnslusjóð, eins og gert var ráð fyrir þegar lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald voru sett. Ekki verði ráðist í það að búa til flókið regluverk og mikið skrifræði um þennan úrgangsflokk, eins og lagt er til í frumvarpinu..

25. gr.

Stjórn Flokkunar Eyjafjörður ehf. leggst eindregið gegn því að við fjölgun fulltrúa í stjórn Úrvinnslusjóðs verði sá fulltrúi til nefndur af Félagi Atvinnurekenda. Stjórnin telur að við fjölgun í stjórn Úrvinnslusjóðs beri að fjölga fulltrúum tilnefndum af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga. Stjórnin bendir á að sveitarfélögin sem bera ábyrgð á meðferð úrgangs eiga skv. þessu aðeins einn fulltrúa af 6.

Virðingarfyllt


Eiður Guðmundsson
-framkvæmdastjóri-